

LANDPÓSTURINN

1.tbl. 9.árg. janúar 1997 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

10 ára afmæli félagsins — Kortabók Íslands —

Eins og nefnt var í síðustu fréttabréfum nýliðins árs (gleðilegt ár, kæru félagar!) þá er einnig nýliðið 10 ára afmæli Félags landfræðinga, en það var stofnað 5. nóvember 1986.

Stjórnin ákvað að minnast afmælisins með viðeigandi hætti, og í samstarfi við ritnefnd Kortabókar Íslands og forráðamenn Norræna hússins, voru lögð drög að því að fá vísindalegan aðalritstjóra við hinn nýja *Sveriges Nationalatlas*, prófessor Staffan Helmfrid, til að halda erindi um þá reynslu sem fékkst við útgáfu þessa mikla sautján binda verks á árunum 1990-96. Auk þess skyldi rætt um Kortabók Íslands, sem marga dreymir um að geti orðið að veruleika á næstu árum.

Nú hefur tekist að binda alla lausa enda, og ekkert að vanbúnaði að halda glæsilegan afmælisfund. Fundurinn verður haldinn **föstudaginn 17. janúar kl. 13:10 í Norræna húsinu**. Aðgangur er **ókeypis**. Dagskrá er sem hér segir:

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi



10 ára afmælisfundur Félags landfræðinga Norræna húsinu, föstudaginn 17. janúar 1997

Fundarstjóri: Guðrún M. Ólafsdóttir

13:10-13:15 Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður
Félags Landfræðinga, setur afmælisfundinn.

13:15-14:15 próf. Staffan Helmfrid:
Erindi um Sveriges Nationalatlas.
(Erindið er haldið í samvinnu við
Norræna húsið, og er á *sænsku*.)

14:15-14:30 Umræður og fyrirspurnir vegna
erindis próf. Helmfrids
(á *Norðurlandamálum eða ensku*).

14:30-15:00 próf. Gylfi Már Guðbergsson:
Erindi um Kortabók Íslands.
(á *íslensku*)

15:00-15:30 Afmæliskaffi Félags landfræðinga

15:30-17:30 Panelumræður og fyrirspurnir um
Kortabók Íslands.
(á *íslensku*)
Þátttakendur:

- Guðmundur Ó. Ingvarsson
- Guðrún Halla Gunnarsdóttir
- Gylfi Már Guðbergsson
- Haukur Jóhannesson
- Kristinn Einarsson (umræðustjóri)
- Tryggvi Jakobsson
- Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir

Leiðréttingar á félagatali

Fréttir hafa borizt frá Hrafnhildi Loftsdóttur, en hún er komin í nám í Danmörku sem heitir Kort- og landmálingstekniker, við Horsens Tekniske Skole. Það tekur eitt og hálf ár og er tækninám. Hrafnhildur segir námið ekki framhald af landfræðinni, heldur meira hliðarspor. *Eitt skref til baka og tvö áfram*, var einhvern tíma sagt. Nýtt heimilisfang Hrafnhildar:

Hrafnhildur Loftsdóttir, Niels Gyldingsgade 5, 2th, DK-8700 Horsens, Danmark, netfang: hildur@post3.tele.dk

Aðalfundur Landverndar

Aðalfundur Landverndar var haldinn 2. nóvember s.l. að Alviðru í Ölfushreppi. Tuttugu og tvö félög og félagasamtök áttu fulltrúa á fundinum. Fulltrúi Félags landfræðinga var Guðrún Ólafsdóttir. Fyrir utan aðalfundarstörf var meginefni fundarins umhverfisfræðsla. Sigríður Ólafsdóttir fulltrúi menntamálaráðuneytisins sagði frá endurskoðun umhverfisfræðslu í grunnskólum og framhaldsskólum landsins sem nú er verið að vinna að í menntamálaráðuneytinum og svaraði mörgum fyrirspurnum fundarmanna. Hilmar Þór Hafsteinsson, kennari á Selfossi, sem tók við starfi umsjónarmanns fræðslusetursins að Alviðru s.l. sumar af Áslaugu Ólafsdóttur, kynnti aðstæður og starfsemi í Alviðru og er ljóst að margir, einkum kennarar í grunnskólum á Suðvesturlandi nýta sér aðstöðuna, til að koma með nemendur sína, enda er aðstaðan ljómandi góð, staðurinn fallegur og þjónustan með ágætum.

Stjórnin var endurkjörin að öðru leyti en því að Þórunn Lárusdóttir lét af störfum að eigin ósk og var Árni Sveinbjörnsson frá

Bændasamtökum Íslands kosinn í hennar stað.

Allmargar ályktanir voru samþykktar, þar á meðal áskorun til stjórnvalda í anda meginefnis ráðstefnunnar um eflingu umhverfisfræðslu í skólum til að glæða skiling og þekkingu á náttúru landsins og að liður í því verði að koma á fót náttúruskólum þar sem nemendum gefist kostur á fræðslu úti í náttúrunni. Þá var skorað á Alþingi að setja lög og reglur um innflutning og meðferð plantna og á stjórnvöld að beita sér fyrir löggjöf varðandi jarðefnavinnslu svo að skipuleggja megi efnistöku, svo að eitthvað sé nefnt.

Sagt var frá því í skýrslu framkvæmdastjóra að innan skamms verði heimasíður bæði fyrir Landvernd og Alviðru settar á netið og geta félagsmenn í FL fylgst með því og leitað þar upplýsinga um þessi þjóðþrifa samtök. Einnig verður sagt frá því í Landpóstinum, þegar nánari fréttir af heimasíðunum berast. *GÓ*

Gestur kveður

Dr. Margaret G. Ottum, gistikennari við Háskóla Íslands, hvarf til sinna heima 26. desember sl., eftir að hafa fengið smjörþefinn af því hvernig Íslendingar halda jól. Á haustmisserinu kenndi hún námskeið um umhverfismál á vegum jarð- og landfræðiskorar og var það vel sótt, einkum af landfræðinemum. Ennfremur stjórnaði hún málstofu um þjóðgarða, stjórnun þeirra og vandamál í tengslum við fjölsóttu og vinsæla ferðamanna- staði og ræddi vistvæna ferðamennsku. Bæði háskólanemar og áhugamenn "utan úr bæ" sóttu málstofuna og spunnust þar oft fjörugar og skemmtilegar umræður. *GÓ*